
Tilfærsla eldisvæða Arnarlax í Arnarfirði

Ákvörðun um matsskyldu

1 INNGANGUR

Þann 27. nóvember 2020 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Arnarlax um fyrirhugaða tilfærslu eldisstarfsemi og eldisvæða Arnarlax í Arnarfirði samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, sbr. lið 13.02 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Vesturbyggðar, Fiskistofu, Hafrannsóknastofnunar, Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða, Matvælastofnunar, Minjastofnunar Íslands, Náttúrufræðistofnunar Íslands, Orkustofnunar, Umhverfisstofnunar og Vegagerðarinnar

2 GÖGN LÖGÐ FRAM

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Tilfærsla eldisstarfsemi og eldisvæða Arnarlax í Arnarfirði. Fyrirspurn um matsskyldu. Arnarlax, 2020.

Umsagnir um tilkynninguna bárust frá:


- Vesturbyggð dags. 29. janúar 2021.
- Fiskistofu dags. 17. febrúar 2021.
- Hafrannsóknastofnun dags. 19. febrúar 2021.
- Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða dags. 29. janúar 2021.
- Matvælastofnun dags. 10. febrúar 2021.
- Minjastofnun Íslands dags. 2. febrúar 2021.
- Náttúrufræðistofnun dags. 2. febrúar 2021.
- Orkustofnun dags. 4. febrúar 2021.
- Umhverfisstofnun dags. 21. janúar 2021.
- Vegagerðinni dags. 3. febrúar 2021.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila dags. 19., 22. og 24. febrúar 2021.

3 LÝSING Á FRAMKVÆMD

Fram kemur í greinargerð framkvæmdaraðila að fyrirtækin Arnarlax og Fjarðarlax hafi sameinað rekstur sinn og við þá sameiningu hafi starfs- og rekstrarleyfi Fjarðarlax í Patreks-, Tálkna- og Arnarfirði verið færð yfir á Arnarlax.

Samkvæmt greinargerð Arnarlax felast áform fyrirtækisins í því að sú framleiðsla sem heimiluð er í Fossfirði, samkvæmt leyfi sem upphaflega heyrði undir Fjarðarlax, færist yfir á eldisvæði við Haganes. Þá segir að einnig sé áætlað að breyta legu eldisvæða við Haganes, Steinanes og Hringsdal í Arnarfirði. Tilgangurinn þess sé að mögulegt verði að snúa eldisvæðunum þannig að hægt verði að staðsetja eldiskvíar betur innan þeirra og með því tryggja betri eldiskilyrði með jafnari straumum og betra sýrefnisflæði.



Mynd 1. Fyrirhuguð eldissvæði Arnarlax í Arnarfirði. Grænmerktu svæðin eru svæðin sem framkvæmdin nær til.

Fram kemur í greinargerð Arnarlax að sjókvíaeldi fyrirtækisins í Arnarfirði sé kynslóðaskipt og fari fram á þremur skilgreindum sjókvíaeldissvæðum sem skiptast í A, B og C. Eldissvæði við Haganes, Steinanes og Fossfjörð séu öll innan sjókvíaeldissvæði A og að seiði hafi verið sett út í Fossfirði haustið 2020. Stefnt sé að því færa eldisseiðin frá Fossfirði yfir í Haganes þegar búið er að sameina starfs- og rekstrarleyfi félagsins. Framkvæmdin feli ekki í sér breytingu á framleiðslumagni, hvíld, eða hámarkslífmassa. Samkvæmt framleiðsluáætlun muni lífmassi eldissvæða Arnarlax í Arnarfirði fara hæst í um 10.000 tonn haustið 2021 og vorið 2022.

Í greinargerð Arnarlax segir að áformað sé að snúa eldissvæði við Haganes og stækka það talsvert svo hægt verði að snúa kvíum þvert á straumstefnu auk þess sem hægt verði að færa eldiskvíar innan svæðisins verði umhverfisálág mikið. Dýpi á eldissvæðinu verði frá 10 m í 95 m og sé áætlað að dýpi undir kvíasvæðinu verði á milli 40 og 95 m. Jafnframt sé áformað að stækka og snúa eldissvæðum við Steinanes og Hringsdal í sama tilgangi, við Steinanes verði dýpi undir nýju eldissvæði á bilinu 60-90 m og við Hringsdal verði dýpi á bilinu 40- 90 m.

Við meðferð málsins fékk Skipulagsstofnun þær upplýsingar frá Hafrannsóknastofnun að Arnarlax væri þegar búinn að framkvæma hluta þeirra breytinga sem sem tilkynning Arnarlax sneri að. Nánar tiltekið að fyrirtækið hefði þegar komið fyrir kvíum og hafið eldi utan eldissvæða sem tilgreind eru í gildandi leyfum en innan þeirra svæða sem tilkynning fyrirtækisins gerir grein fyrir.



4 UMHVERFISÁHRIF

Hér er fjallað um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar eins og þeim er lýst í framlögðum gögnum Arnarlax og umsögnum umsagnaraðila.

Ástand sjávar og botndýralíf

Fram kemur í greinargerð Arnarlax að Hafrannsóknastofnun telji æskilegt að eldissvæði í firðinum séu staðsett þannig að úrgangur frá eldinu lendi ekki allur á hafsbótnei neðan við 75 m dýpi. Breytt staðsetning eldisins muni mögulega leiða til þess að dreifing lífræns úrgagns frá eldinu verði önnur neðan við 75 m dýpi en fyrri lega. Einnig muni framleiðsla færast úr Fossfirði og bætast við eldi við Haganes. Í greinargerð Arnarlax er vísað til tillögu Hafrannsóknastofnunar að skiptingu Arnarfjarðar í eldissvæði á grundvelli burðarþols og bestu heildarnýtingar svæða. Í tillögunni sé lagt til að hámarkslífmassi á sjókvíaeldissvæði A verði 15.000 tonn, auk þess sem hámarkslífmassi við Steinanes verði ekki meiri en 7.000 tonn og að hámarkslífmassi á sameinuðu eldissvæði sem nær frá Haganesi inn í Fossfjörð verði ekki meiri en 7.000 tonn á hverjum tíma. Í framleiðsluáætlun Arnarlax sé gert ráð fyrir að framleiðslan verði innan þeirra marka.

Í greinargerð Arnarlax kemur fram að Arnarfjörður sé þröskuldsfjörður og í þess lags fjörðum geti verið tvísýnt um endurnýjun sjávar og súrefnis í botnlagi þeirra. Því þurfi að gæta þess að lífríki í botnlaginu skaðist ekki á því tímabili sem lágmarksstyrkur súrefnis í dýpsta hluta fjarðar varir. Samkvæmt mælingum Hafrannsóknastofnunar frá árinu 2016 geti styrkur súrefnis við botn orðið lægstur um 3 ml/l síðla hausts í suðurfjörðum Arnarfjarðar og að við svo lágan styrk fari tegundafjölbreytni botndýra minnkandi. Reglulega sé fylgst með ástandi sjávar, botnsets og botndýralífs undir kvíum Arnarlax, bæði þegar lífmassi er í hámarki og við lok hvíldartíma. Niðurstöður vöktunar í lok hvíldartíma við Haganes í maí 2020 hafi sýnt að botnset hafi enn verið nokkuð hlaðið lífrænu efni en ekki hafi verið merki um áhrif mengunar á botndýralíf. Ástand á svæði næst eldiskvíum hafi flokkast sem mjög gott og engin vísitæga fyrir mengun hafi verið á meðal tíu algengustu tegunda botndýra. Súrefnismettun við botninn hafi verið 98%. Við Hringsdal hafi niðurstaðan einnig verið að ástand botnsins væri mjög gott þrátt fyrir að botnset hafi verið nokkuð hlaðið lífrænu efni og vísitæga fyrir mengun hafi hafi fundist. Súrefnismettun við botninn hafi verið 90%.

Í greinargerð Arnarlax kemur fram að vöktun á eldi Arnarlax hafi leitt í ljós að lífrænn úrgangur frá eldinu safnist upp undir sjókvíum og nokkra tugi metra frá þeim. Fjölbreytni botndýralífs hafi hrakað innan áhrifasvæðis eldisins og töluverð fjölgun hafi orðið meðal tegunda sem þola vel skert súrefnisástand. Fjær eldissvæðunum hafi áhrif þó verið óveruleg eða engin.

Fram kemur í greinargerð að meðaldýpi undir nýju eldissvæðunum verði meira en á núverandi svæðum. Um helmingur kvíastæða verði á svæði þar sem dýpi sé 75 m eða meira. Gera megi ráð fyrir að hluti lífræns efnis falli til botns þar sem dýpi er meira en 75 m. Vöktun muni leiða í ljós hvort að nýtt fyrirkomulag á kvíabyrpingum hafi áhrif á ástand botnsjávar.

Í umsögn Hafrannsóknastofnunar er bent á að mælingar sem Arnarlax notast við séu punktmælingar sem framkvæmdar voru einu sinni árið 2016. Stofnunin vaktar súrefnisstyrk í botnlagi með sítandi mælum og gögn þeirra mælinga sýni að talsverðar skammtímasveiflur eru á styrk súrefnis í botnlagi að hausti. Stofnunin hafi notast við líkanareikning við vinnslu svars við matsskyldufyrirspurn til að spá fyrir um líklega dreifingu og magn fasts efnis á botninn og í botnlagið og niðurstöður þess útreiknings sé að meira magn fasts efnis myndi lenda í botnlagi en sé miðað við núverandi staðsetningu eldiskvína. Mesta breytingin verði á eldissvæði við Haganes. Erfitt sé að draga ályktanir um að tilfærsla svæðanna sé æskileg. Mikilvægt sé að vaktanir haldi áfram og að niðurstöður þeirra muni leiða í ljós hvort að breytingin feli í sér neikvæð áhrif á botndýralíf og niðurbrotsferla í seti.



Fram kemur í umsögn Umhverfisstofnunar að með framkvæmdinni kunni uppsöfnun lífrænna efna í djúplagi Arnarfjarðar að aukast en telur að með nægri hvíld eldissvæða byggðri á niðurstöðum vöktunar í rauntíma verði áhrifin afturkræf. Bendir stofnunin á að hún geti, samkvæmt starfsleyfi, einhliða frestað útsetningu seiða, bendi niðurstöður vöktunar til þess að umhverfisaðstæður séu óhagstæðar á eldissvæði að mati stofnunarinnar.

Í frekari upplýsingum framkvæmdaraðila kemur fram að Arnarlax hafi ekki ætlað sér að fullyrða að nýtt fyrirkomulag eldissvæði sé æskilegra. Bendir Arnarlax á að vöktun hingað til gefi til kynna að neikvæð áhrif á botndýralíf á takmörkuðu svæði hafi verið óveruleg til nokkuð neikvæð. Arnarlax tekur jafnframt undir mikilvægi áframhaldandi vaktana af hálfu fyrirtækisins á eldissvæðum og vaktana Hafrannsóknastofnunar á fjarsvæði eldissvæðanna. Niðurstöður þeirra vaktana muni leiða í ljós áhrif tilfærslu eldissvæða á botndýralíf og botnset. Ef niðurstöður þeirrar vöktunar muni verða óásættanlegar verði ráðist í viðeigandi aðgerðir í samráði við eftirlitsaðila.

Laxalús og sjúkdómar

Fram kemur í greinargerð Arnarlax að framleiðslumagn verði óbreytt og hætta á lúsasmiti ætti því ekki að vera öðruvísi en við núverandi aðstæður. Breytt lega kvía hafi það að markmiði að bæta velferð eldisfisksins og draga úr smithættu innan sjókvía og hættu á að smit berist á milli kvía. Til að draga úr hættu á lúsasmiti hafi Arnarlax notast við hrognkelsaseiði til aflúsunar í sjókvíum við Haganes og Steinanes. Einnig hafi Arnarlax notast við lúsapils á flestum eldissvæðum sínum í Arnarfirði. Samkvæmt lúsatalningum á eldissvæðum í Arnarfirði sé undantekning að fleiri en ein kynþroska kvenlús finnist á eldislaxi, að meðaltali. Á göngutíma laxaseiða og á sjávardvöl göngusilungs hafi meðalfjöldi lúsa á eldisfiski verið undir 0,1 kynþroska kvenlús. Þó hafi þurft að nota lyf til að meðhöndla eldisfisk í kvíum við Steinanes til að ná tökum á laxalúsasmiti. Þá hafi árið þurft að notast við lyf við Steinanes vegna fiskilúsar árið 2019.

Nytjastofnar

Fram kemur í greinargerð Arnarlax að nota hafi þurft lúsalyf til að halda aftur af laxalús í eldiskvíum og að möguleiki sé á að sú aðgerð hafi haft áhrif á nytjastofna í Arnarfirði. Eitt af markmiðum framkvæmdarinnar sé að draga úr hættu á að laxalús verði vandamál og meðhöndla þurfi fisk með lúsalyfi. Gangi það eftir megi gera ráð fyrir að síður þurfi að nota lyf og það dragi úr áhrifum eldisins á nytjastofna í Arnarfirði. Fram kemur að enginn sterkur árgangur rækjustofns hafi mælst síðustu ár. Veiði á rækju hafi minnkað og frá árinu 2009 hafi stofninn aðallega verið sóttur á lítið svæði innarlega í firðinum. Árin 2019 og 2020 hafi allur rækjuafli verið frá Borgarfirði. Einnig kemur fram að ungið þorsks hafi helst haldið sig í innanverðum Arnarfirði en að ungið ýsu hafi verið dreift um allan fjörðinn. Fram kemur að ósennilegt sé að rækja í Arnarfirði hafi orðið fyrir áhrifum lyfja sem beitt var við Steinanes vegna þess að rækjustofninn haldi sig að mestu í Borgarfirði og ólíklegt að lyfin hafi borist frá Steinanesi og yfir í Borgarfjörð. Samkvæmt greinargerð muni breyting á eldissvæðum við Haganes og Steinanes ekki hafa nein áhrif á nytjaveiðar í Arnarfirði umfram þau áhrif sem nú þegar séu til staðar. Eldissvæði í Hringsdal er í meiri nálægð við veiðisvæði en talið er ólíklegt að breytt lega kvíasamstæðu muni þrengja að þeim svæðum.

Hafrannsóknastofnun bendir á stofnunin hafi stundað rannsóknar og mat á stofnstærð rækju í Arnarfirði frá 1988. Núverandi eldissvæði Arnarlax hafi verið ákveðin þannig að togstöðvar í þeim rannsóknnum gætu áfram verið gerðar eða þeim hliðrað í þeim tilgangi að koma til móts við þarfir eldisins. Fyrirhuguð tilfærsla muni hafa í för með sér breytingu á núverandi fyrirkomulagi rækjurannsókna. Ekki verði mögulegt að taka tvö rannsóknatog sem nú eru hluta af gagnaöflun. Einnig þurfi að stytta rækjutog sitthvoru megin við Steinanes. Mikilvægast sé þó að togið í Geirþjófsfirði mun styttest með breytingu eldissvæði við Steinanes. Það sé mikilvægt þar sem Geirþjófsfjörður sé uppeldissvæði rækju og alla jafnan veiðist rækja í því togi við rannsóknir.




Í frekari upplýsingum framkvæmdaraðila kemur fram að í kjölfar umsagnar Hafrannsóknastofnunar hafi Arnarlax óskað eftir fundi með sérfræðingum stofnunarinnar. Á fundinum hafi verið farið rædd rannsóknartog vegna stofnmats á rækju og skörun eldissvæða við þau tog. Arnarlax taki undir að mikilvægi þess að stofnunin geti viðhaldið stofnmælingum sínum í firðinum og sérstaklega varðandi toglóðir í Geirþjófsfirði. Niðurstaða fundarins varðandi toglóðir og skörun eldissvæða við þær hafi verið að Hafrannsóknastofnun geti unað við tilfærslur eldissvæðanna. Einnig hafi verið rætt um mikilvægi upplýsingagjafar varðandi festingar eldiskvía og aðgengi að þeim upplýsingum. Bendir Arnarlax á að upplýsingum um festingar sé skilað til Matvælastofnunar og Landhelgisgæslunnar í samræmi við reglugerð um fiskeldi. Hins vegar gæti verið ástæða til að endurskoða reglugerð m.t.t. að skila slíkum upplýsingum einnig til Hafrannsóknastofnunar.

Siglingarleiðir

Í umsögn Matvælastofnunar og Vesturbyggðar kemur fram að gera þurfi grein fyrir áhrifum tilfærslu eldissvæðanna á siglingaleiðir.

Í svari framkvæmdaraðila kemur fram að í firðinum séu siglingar sem tengjast fiskveiðum, flutningum, útivist og ferðaþjónustu. Hnitsettar siglingaleiðir liggi ekki fyrir en að í gegnum tíðina hafi þróast ákveðnar siglingaleiðir um fjörðinn. Leiðirnar hafi verið gróflega áætlaðar í nýtingaráætlun um strandsvæði Arnarfjarðar. Eldissvæðin liggi utan megin siglingaleiða í Arnarfirði og í nálægð við svæðin sé almennt lítil umferð skipa, annarra en þeirra sem sinna eldisstarfssemi.



Mynd 2. Mynd frá Marine Traffic sem sýnir siglingar í Arnarfirði árið 2019.

Tilfærsla eldissvæðanna feli í sér hliðrun þeirra aðeins utar í fjörðinn og ólíklegt sé að slík tilfærsla hafi afgerandi áhrif á siglingar og megin siglingarleiðir um Arnarfjörð. Arnarlax mun uppfylla öll skilyrði laga og stjórnvaldsfyrirmæla er varða merkingar sjókvíaeldisstöðva. Verða þær merktar í samræmi við reglugerð um fiskeldi þar sem kveðið er á um merkingar sjókvíaeldisstöðva.



5 SKIPULAG OG LEYFI

Framkvæmdin er háð starfsleyfi Umhverfisstofnunar samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnir. Jafnframt er framkvæmdin háð rekstrarleyfi Matvælastofnunar samkvæmt lögum um fiskeldi og reglugerð um fiskeldi.

6 NIÐURSTAÐA

Um er að ræða færslu á eldisstarfsemi Arnarlax í Fossfirði yfir á eldissvæði við Haganes og breytta afmörkun þriggja eldissvæða Arnarlax í Arnarfirði. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og töluliði 1.11 og 13.02 í 1. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum.

Líkt og fyrr segir hefur framkvæmdaraðili framkvæmt hluta af áformuðum framkvæmdum sem hann boðaði í tilkynningu sinni til Skipulagsstofnunar. Starfsemi Arnarlax í Arnarfirði hefur því ekki verið í samræmi við útgefin leyfi og ekki í samræmi við þá framkvæmd sem hlotið hefur málsmeðferð á grundvelli laga um mat á umhverfisáhrifum. Að mati Skipulagsstofnunar er á mælisvert að framkvæmdaraðili hafi hagað rekstri sínum með þeim hætti. Þá er einnig á mælisvert að Arnarlax hafi ekki upplýst Skipulagsstofnun um framangreint á meðan málsmeðferð stóð yfir.

Eðli og staðsetning framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af eðli framkvæmdar, svo sem stærð og umfangi framkvæmdar, úrgangsmýndunar og mengun sbr. 1. tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000. Einnig skal taka mið af staðsetningu framkvæmdar með tilliti til hversu viðkvæm þau svæði eru sem líklegt er að framkvæmd hafi áhrif á og kjörlandis dýra, sbr. 2. tölul. 2. viðauka laga nr. 106/2000.

Ekki er um að ræða breytingu á umfangi eldis í Arnarfirði. Tilflutningur þess eldis sem fram hefur farið í Fossfirði yfir á svæði við Haganes mun þó leiða til aukins umfangs á síðarnefnda svæðinu. Framkvæmdin mun því leiða til aukins álags í hluta Arnarfjarðar frá því sem nú er. Önnur helstu áhrif framkvæmdarinnar eru þau að með breytti afmörkun eldissvæða er hætt við að aukinn hluti úrgangs frá eldi lendi í botnlagi fjarðarins. Arnarfjörður er svokallaður þröskuldsfjörður en í slíkum fjörðum er endurnýjun sjávar og súrefnis í botnlagi að jafnaði áhyggjuefni. Samkvæmt líkanaútreikningum Hafrannsóknastofnunar mun breytt afmörkun leiða til þess að meira magn fasts efnis lendi í botnlagi en sé miðað við staðsetningar samkvæmt núgildandi leyfum. Mesta breytingin yrði þó á eldissvæði við Haganes.

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að með framkvæmdinni kunni uppsöfnun lífræna efna í djúplagi Arnarfjarðar að aukast en telur að með nægri hvíld eldissvæða byggðri á niðurstöðum vöktunar í rauntíma verði áhrifin afturkræf. Ef í ljós komi hins vegar að áhrifin verði meiri en áætlað er þá geti stofnunin einhliða frestað útsetningu seiða samkvæmt ákvæðum í starfsleyfi.

Færsla eldisstarfsemi úr Fossfirði mun draga úr ásýndaráhrifum þaðan sem núverandi eldissvæði er sjáanlegt. Breytt afmörkun eldissvæða er líkleg til að hafa takmörkuð áhrif á ásýnd og landslag.

Eiginleikar hugsanlegra áhrifa framkvæmdar

Áhrif framkvæmdar ber að skoða í ljósi eiginleika hugsanlegra áhrifa einkum með tilliti til: stærðar og fjölbreytileika áhrifa, hverjar líkur séu á áhrifum, tímalengdar og afturkræfi áhrifa og möguleika á að draga úr áhrifum, sbr. 3. tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000.

Helstu áhrif breytingar á því fyrirkomulagi sem áður hefur hefur hlotið málsmeðferð á grundvelli laga um mat á umhverfisáhrifum eru möguleg áhrif á botndýralíf og ástand sjávar. Skipulagsstofnun



telur, með vísan til umsagna Hafrannsóknastofnunar og Umhverfisstofnunar, að áhrifin séu ólíkleg til að verða umtalsverð. Ræðst það af því að áhrif eru líkleg til að koma fram á löngum tíma og eru háð framleiðslumagni hverju sinni og hvíld svæða. Með vöktun, möguleika á að draga úr eldi og úrræðum eftirlitsaðila til að fresta útsetningu seiða er mögulegt að grípa inn í ef tilefni er til.

Skipulagsstofnun telur að í starfsleyfi þurfi að vera skýr ákvæði um heimildir leyfisveitanda til að bregðast við reynist umhverfisástand ófullnægjandi auk þess að sett verði skilyrði um eftirfarandi:

1. Vöktun verði á súrefnisstyrk við botn og styrk næringarefna í sjó og að tilhögun og nákvæmni þeirrar vöktunar sé í samræmi við það sem Hafrannsóknastofnun telur fullnægjandi til að byggja á við endurskoðun burðarþolsmats.
2. Að vöktun á næringarefnum fari fram þegar styrkur þeirra er hvað mestur.
3. Að vöktunaráætlun liggi fyrir áður en leyfi verði veitt.
4. Skýr viðmið um ástand botndýralífs og að tilgreindar verði mótvægisáðgerðir reynist ástand ekki ásættanlegt.
5. Að ekki sé hægt að hefja eldi á ný fyrr en botndýralíf á svæðinu hefur náð ásættanlegu ástandi samkvæmt viðmiðum Umhverfisstofnunar. Leiði vöktun í ljós að ástand botns vegna yfirstandandi eldis sé ekki ásættanlegt skal draga úr framleiðslu á viðkomandi svæði eða lengja hvíldartíma.

Með hliðsjón af eðli þeirra breytinga sem fyrirhugaðar eru frá núgildandi leyfum og að teknu tilliti til fyrirbyggjandi gagna, þ.m.t. þeirra umsagna sem bárust, telur Skipulagsstofnun ólíklegt að breytt fyrirkomulag á eldinu komi til með að auka áhrif á villta fiska. Þá telur stofnunin að áhrif á aðra umhverfisþætti, s.s. siglingar, verði minniháttar.

Ákvörðunarorð

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 14. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 12. júlí 2021.

Reykjavík, 4. júní 2021

Egill Þórarinnsson

Jón Þórir Þorvaldsson